



Skýrsla sveitarstjóra Sveitarstjórnarfundur -14. mars 2017-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

Ársreikningur 2016

Þessa daganna er verið að vinna að gerð ársreiknings í samstarfi við KPMG og er stefnt að því að leggja hann fram í apríl ef allt gengur eftir.

Þjónustumiðstöð/Áhaldahús

Flutningi þjónustumiðstöðvar er lokið og er búið að afhenda húsið að Efstubraut 2 til nýrra eigenda. Ákveðið var að flytja styttuna „Konan með lampann“ eftir Guðmund frá Miðdal sem verið hefur í geymslu hjá Blönduósbæ yfir í anddyri bæjarskrifstofunnar. Áður var hún í Kvinnaskólagarðinum en fyrirhugað er að henni verði fundinn staður í Kvinnaskólanum þegar nýtt bislag verður byggt við húsið.

Olís lóð

Unnið hefur verið að undirbúningi þess að byggt verði 500 fm hús fyrir Ámundakinn ofan við pósthúsið. Svæðið hefur allt verið mælt út og er skipulag svæðisins að fara í auglýsingu á næstu dögum. Einnig hefur Olís sýnt áhuga á að kanna með byggingu fyrir veitingar og þjónstu í samráði við sveitarfélagið.

Heimasíða

Vinna við nýja heimasíðu er komin á fullt og er lagt upp með það að hún komist í gagnið í vor. Ákveðið var að ganga til samninga við Stefnu ehf.



Verklegar framkvæmdir

Vinna að undirbúningi verklegra verkefna er hafin eða er að komast í gang. Búið er að panta glugga í blokkina og eiga þeir að koma í lok apríl. Þá er hafið samráð við Blönduskóla um uppbyggingu leiksvæðisins á skólalóðinni og er verið að fara yfir þær áherslur sem aðila vilja leggja áherslu á og kostaðarmeta framkvæmdir. Þá er verið að skoða hvaða vinnu þarf að leggja í vegna viðgerða og málningar á nýja skólanum.

Árbraut 35

Vinna við íbúðarhúsið við Kvennaskólann heldur áfram og er múrarin að pússa vegg í þessari viku. Ekki fengust fjármunir á fjárlögum til að halda áfram með framkvæmdirnar og er því óljóst hvenær hægt verður að ljúka við húsið. Óskað hefur verið eftir fundi með ráðherra um málið. Krafa okkar er að gerður verður samningur til 3 ára um greiðslur vegna fasteignanna við Kvennaskólann.

Biodísel

Samkvæmt samningi við ríkið um fjármagn til Biodíselverkefnisins var áskilið að óska eftir tilboðum frá verkfræðistofum um einstaka verkþætti sem skilgreindir voru í samningi. Verkfræðistofurnar hafa til 20. mars að senda tilboð í verkið.

Ljósleiðari

Lagning ljósleiðara í dreifbýli Blönduósbæjar er lokið.